

# Reglugerðarumhverfi frumkvöðla á Íslandi: Greining á stöðu og tækifærum til úrbóta

Gunnar Óskarsson og Hermann Þór Þráinsson<sup>1</sup>

## Ágrip

Þar sem helstu atvinnugreinar Íslands eru bundnar stækkunartakmörkunum gegna aðrar atvinnugreinar auknu mikilvægi í íslenskum efnahag. Í þessu samhengi sinna frumkvöðlafyrirtæki þýðingarmiklu hlutverki, en til að þau geti dafnað og staðist samkeppni á erlendum mörkuðum þarf sá reglugerðargrunnur sem fyrirtækin eru stofnuð á að vera nútímalegur, hagkvæmur og skilvirkur. Markmið þessarar greinar er að varpa ljósi á reglugerðarumhverfi frumkvöðla og greina hvort og þá hvar helstu tækifæri til úrbóta gætu legið. Rannsóknin byggir annars vegar á djúpvíðtölum við sex frumkvöðla sem hafa stofnað og rekið nokkur þekkt frumkvöðlafyrirtæki og náð árangri á alþjóðlegum mörkuðum, eða fyrirtæki sem eru skemmra á veg komin og eru að fóta sig í umhverfi íslenskra frumkvöðlafyrirtækja. Hins vegar byggir rannsóknin á samanburði reglugerðarumhverfis á Íslandi við önnur lönd þar sem slíkt umhverfi hefur verið skoðað í alþjóðlegum greiningum. Niðurstöðurnar sýna að reglugerðarumhverfi íslenskra frumkvöðla er að mörgu leyti hagkvæmara en í samanburðarlöndunum, en þó eru enn tækifæri til úrbóta.

## Abstract

Since Iceland's main industries are subject to growth restrictions, other types of industry have acquired increased significance. For those new enterprises to prosper and gain competitive advantage on foreign markets, however, the firms in question must operate on a modern, economical and efficient regulatory basis. The aim of this article is to throw light on the regulatory environment of entrepreneurs and identify potential opportunities for improvement. On the one hand, the research is based on in-depth interviews with six entrepreneurs who have operated a number of well-known innovative enterprises which have succeeded on international markets, or companies which have further to go and are gaining a foothold in the Icelandic entrepreneurial environment. On the other hand, the research focuses on a comparison of the Icelandic regulatory environment to that of other countries where this environment has been subject to international analysis. The results indicate that the regulatory environment of Icelandic entrepreneurs is in many respects more beneficial than that of the comparison countries, although there is still room for improvement.

*JEL flokkun:* M13; K20

*Lykilorð:* Frumkvöðlastarfsemi; íslenskur efnahagur; reglugerðarumhverfi; lagaumhverfi

<sup>1</sup> Gunnar Óskarsson, lektor, Háskóli Íslands. Netfang: gunnaros@hi.is. Hermann Þór Þráinsson, MS í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum. Netfang: htt@nesskip.is.

*Keywords:* Entrepreneurs; Icelandic economy; regulatory environment; legal environment

## The regulatory environment of entrepreneurs in Iceland: Analysis of current situation and opportunities for improvements

### 1 Inngangur

Í fjölmörgum rannsóknum hefur verið sýnt fram á að frumkvöðlastarfsemi sé heillavæn hverju hagkerfi og leiði til aukins hagvaxtar (t.d. Acs, 2006; Black og Strahan, 2002; González-Sánchez, 2015). Frumkvöðlar sem beina athygli sinni að nýsköpun leika lykilhlutverk í þekkingarhagkerfinu, þeir drífa hagvöxt og auka félagslega velferð (Baumol og Strom, 2007).

Í sögulegu samhengi hefur sjávarútvegur borið hitann og þungann af útflutningi Íslendinga, en með tíð og tíma hefur þessi staða breyst. Á síðustu áratugum hefur álútflutningur fest sig í sessi í íslensku efnahagslífi og á síðustu árum hefur ferðamannaíðnaður einnig tekið stór skref fram á við; í dag mynda þessar þrjár atvinnugreinar stöplana sem íslenskt hagkerfi stendur á (Hagstofa Íslands, 2016). Erfitt getur þó reynst að stækka þessar greinar, þar sem auðlindir eru takmarkaðar, svo sem magn af fiski og sú orka sem drífur álíðnaðinn. Þar að auki þola íslenskar náttúruperlur ekki ótakmarkaðan ágang ferðamanna. Í skýrslu um Ísland sem stuðst er við í ýmsum stefnumarkandi ákvörðunum stjórnvalda, leggur ráðgjafarfyrtækið McKinsey & Company (2012) mikla áherslu á þessa stöðu og kannar hvaða leiðir Ísland geti farið til að auka hagvöxt hér á landi. Ein lykilniðurstaða skýrslunnar er að nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi þurfi að gegna veigamiklu hlutverki til hagvaxtar og sköpunar atvinnutækifæra.

Íslendingar standa framarlega í nýsköpun meðal hátekjulanda, en í könnun sem byggð er á margviðum mælikvarða um nýsköpun og framkvæmd var árið 2015 var Ísland meðal efstu sæta hátekjuþjóða (Wunsch-Vincent, Lanvin og Dutta, 2015). Rannsókn sem framkvæmd var árið 2010 bendir jafnframt til að Íslendingar hafi mun meiri áhuga á að stofna eigin fyrirtæki og hefja eigin rekstur en meðaltal þeirra landa sem eru í Evrópusambandinu. Rannsóknin gaf jafnframt til kynna að áhugi Íslendinga á að gerast frumkvöðlar væri mikill, en hún sýndi að 51,2% íslensku þjóðarinnar töldu heillandi hugsun að reka sitt eigið fyrirtæki, 10,6% Íslendinga hugðu markvisst að því að stofna fyrirtæki, 7,4% lögðu fjármagn til hliðar og 3,3% þjóðarinnar höfðu látið slag standa og eignast eða störfuðu í fyrirtæki sem var yngra en þriggja og hálfis árs gamalt (Kelley, Bosma og Amorós, 2011b). Er þetta hátt hlutfall í samhengi við helstu samanburðarþjóðir Íslendinga (Global Entrepreneurship Monitor, 2011; McKinsey, 2012). Samkvæmt skýrslu OECD (2016) um efnahagshorfur hafa Íslendingar lagt aukna áherslu á nýsköpun frá efnahagshruninu 2008. Þrátt fyrir ofangreindar forsendur gefa nýlegar mælingar til kynna að Íslendingar standi helstu samanburðarþjóðum að baki hvað nýsköpun varðar, en þeir skipuðu 25. sæti í Bloomberg Innovation Index á meðan aðrar Norðarlandaþjóðir voru í 2. – 14. sæti (Jamrisko og Lu, 2017).

Árangur frumkvöðlafyrirtækja ræðst af mörgum samverkandi þáttum, sem snúa bæði að einstaklingunum (t.d. viðhorf, getu og löngun) og stofnanaumgjörðinni eða starfsumhverfinu almennt (Ács, Autio og Szerb, 2014). Sérhver þáttur getur myndað flöskuháls og þannig takmarkað möguleika á árangri. Einn af þeim þáttum sem hafa áhrif á árangur frumkvöðlafyrirtækja er reglugerðarumhverfið, en þær þjóðir sem setja frumkvöðlafyrirtækjum hentugt umhverfi örva nýsköpun og framþróun fyrirtækjanna. Velgengni frumkvöðla í ákveðnu hagkerfi leiðir þar að auki af sér velgengni annarra aðila og dregur að einstaklinga og fjármagn til frekari frumkvöðlastarfsemi (Litan, 2014). Það er því mikilvægt fyrir stjórnvöld að skapa umhverfi sem gerir frumkvöðlum kleift að nýta þann drifkraft sem í þeim býr. Vel útfært reglugerðarumhverfi gefur frumkvöðlum traustan grunn til að hefja rekstur sinn á og getur jafnvel hraðað uppbyggingu frumkvöðlafyrirtækja, sér-

staklega í erfiðu árferði (Mayer-Schonberger, 2003, 2010). Samkvæmt greiningu OECD á horfum í vísindum, tækni og atvinnugreinum (e. OECD science, technology and industry outlook) er reglugerðarumhverfið á Íslandi ekkert sérstaklega hliðhollt frumkvöðlum, m.a. vegna íþyngjandi krafna um skrifræði (OECD, 2012, bls. 308). Það er því mikilvægt að fá nánari innsýn í hvort tækifæri til að bæta árangur frumkvöðla á Íslandi liggi að einhverju leyti í reglugerðarumhverfi þeirra. Þessi rannsókn byggir á greiningu höfundna á reglugerðarumhverfi frumkvöðla sem unnin var fyrir meistararitgerð í lok árs 2014 ásamt samantekt á helstu breytingum sem átt hafa sér stað frá því að greiningin fór fram. Rannsóknarspurningin sem leitast er við að svara er eftirfarandi:

Hvernig er staðan í reglugerðarumhverfi frumkvöðla á Íslandi og hvar gætu helstu tækifæri stjórnvalda til úrbóta legið með hliðsjón af stöðunni í löndum sem við getum helst borið okkur saman við?

Rannsóknarspurningin leitar ekki einungis svara við því hver staðan á Íslandi er, heldur einnig hver hún er í samanburði við það sem gerist erlendis, en hafa verður í huga að í vaxandi mæli eru fyrirtæki í alþjóðlegri samkeppni og því mikilvægt að starfsskilyrði íslenskra fyrirtækja séu sambærileg því sem gerist hjá mögulegum samkeppnisaðilum. Þá innifelur rannsóknarspurningin takmarkanir í samanburði við reglugerðarumhverfi í öðrum löndum, en af ýmsum ástæðum, svo sem vegna mannfjölda, menningar, efnahagslegrar umgjörðar o.fl. er mikilvægt að takmarka samanburðinn við lönd sem raunhæft er að við berum okkur saman við (Fernández-Serrano og Romero, 2014). Leitað verður svara við rannsóknarspurningunni með tvennum hætti, annars vegar með eigindlegri rannsókn sem byggir á viðtölum við frumkvöðla, sem sumir hverjir hafa víðtæka reynslu af rekstri frumkvöðlafyrirtækja bæði á Íslandi og erlendis, og hins vegar á samanburði á reglugerðarumhverfi á Íslandi við aðstæður erlendis byggt á fyrirliggjandi gögnum. Samspil þessara aðferða varpar bæði ljósi á aðstæður frumkvöðla á Íslandi og gerir jafnframt mögulegt að greina þau tækifæri til úrbóta sem raunhæft ætti að vera að innleiða hér á landi. Í fyrri hluta greinarinnar verður gerð grein fyrir fræðilegum viðmiðum, en því næst fjallað um framkvæmd þessarar rannsóknar og niðurstöður hennar. Loks er rýnt í þær breytingar sem hafa verið innleiddar frá því rannsóknin var framkvæmd og á grundvelli þeirra upplýsinga dregin fram möguleg tækifæri sem enn eru til staðar fyrir íslensk stjórnvöld til að bæta reglugerðarumhverfið.

## 1.1 Fræðileg umræða

Rannsóknir sýna að þrír meginþættir hafa áhrif á árangur frumkvöðlafyrirtækja og framlag þeirra til samfélagsins og efnahagslífsins; tækifæri, hæft starfsfólk og auðlindir (Ahmad og Hoffmann, 2008). Ytra umhverfi hefur aftur á móti áhrif á hversu miklum árangri fyrirtækin geta náð. Í nokkrum rannsóknum hefur sjónum verið beint að ytra umhverfi frumkvöðlafyrirtækja. Global Entrepreneurship Monitor (GEM) er ein þekktasta rannsókn á því sviði, en hún byggir á greiningu á starfsemi og umgjörð frumkvöðlafyrirtækja í fjölda ríkja (Acs, Arenius, Hay og Minniti, 2004). Acs o.fl. (2014) töldu fyrri rannsóknir búa yfir of miklum takmörkunum og að samanburður á árangri þyrfti að vera grundvallaður á heildarskipulagi þjóða á frumkvöðlastarfsemi (e. national systems of entrepreneurship), sem er drifið áfram af einstaklingum, en stofnanaumhverfið stjórnir hins vegar mögulegum aðgerðum og hefur þannig áhrif á afrakstur eða árangur einstaklinganna. Þeir leggja jafnframt áherslu á að jafnvel smávægileg frávik frá heppilegustu skilyrðum geti myndað flöskuháls sem takmarkar mögulegan árangur frumkvöðla og jafnframt að ef mikill munur er á einstaka þáttum, þá séu áhrifin enn meiri. Það er því mikilvægt að allir þættir í umhverfi frumkvöðlafyrirtækja séu þess eðlis að þeir stuðli að sem mestum árangri og jafnframt, svo fyrirtækin séu samkeppnishæf á alþjóðamarkaði, er mikilvægt að skilyrði fyrirtækjanna séu ekki lakari en þau eru hjá fyrirtækjum í öðrum löndum.

Reglugerðarumhverfi er hluti af ytra umhverfi fyrirtækja og hefur áhrif á hversu miklum árangri frumkvöðlafyrirtæki geta náð, en helstu áhrif sem reglugerðarumhverfið hefur er hversu auðvelt er að stunda viðskipti, inngönguhindranir og hvata til að stofna fyrirtæki. Reglugerðarumhverfið tekur til krafna um skriffræði, gjöld við stofnun fyrirtækja, skriffræði á vaxtarskeiði fyrirtækja, reglur um gjaldþrot, reglur um öryggismál, heilsu- og umhverfi, laga um vörur og framleiðslu, laga um starfsmannamál, samkeppnislaga, höfundaréttarlaga og dómsmála- og lagaumgjarðar (Ahmad og Hoffmann, 2008; Lunati, 2010; Napier o.fl., 2012).

Reglugerðarumhverfi ætti ekki að vera fyrirtækjum fjötur um fót heldur að greiða götu þeirra og jafnvel stuðla að bættri frammistöðu (Braunerhjelm, Desai og Eklund, 2015; Fuentelsaz, Gonzalez, Maicas og Montero, 2015). Þannig getur vel útfært reglugerðarumhverfi stuðlað að auknum markaðstækifærum, eða haft áhrif á viðskiptalega starfshætti sem bæta skilvirkni eða samkeppnishæfni (Kitching, Hart og Wilson, 2013). Vel heppnað reglugerðarumhverfi getur stuðlað að jöfnum tækifærum og auðveldað fyrirtækjum starfsemi sína (Mayer-Schonberger, 2010). Mörg dæmi eru til um lög sem stuðla að jafnari viðskiptaumhverfi, svo sem aukið frelsi í farsímaviðskiptum sem opnað hefur möguleika fyrir frumkvöðla til að bjóða neytendum nýja valkosti, frelsi í netviðskiptum, afnám sérreittinda í flugsamgöngum og þannig mætti lengi telja. Einkaréttar- og höfundaréttarlög eru dæmi um aðgerðir sem vernda möguleika frumkvöðla til að njóta ávinnings af uppfinningum sínum (Graham, Merges, Samuelson og Sichelman, 2009), en þar er góð og traust lagaumgjörð forsenda árangurs. Þá er mikilvægt að lögin skapi fyrirtækjum forsendur og vernd til að þau geti fullnægt skyldum sínum og myndi umgjörð sem tryggir að samningsaðilar þeirra eigi ekki annarra kosta vól en að standa við gerða samninga. Þetta er ekki síst mikilvægt þegar lítil fyrirtæki fara inn á markað þar sem stór og öflug fyrirtæki eru þegar til staðar. Til að gera þessa stöðu mögulega þarf regluverkið að ná tveimur markmiðum; annars vegar að skapa nýjum fyrirtækjum svigrúm til að koma inn á markaðinn, og hins vegar að koma á löggjöf sem tryggir sjálfbæra samkeppni á markaði (Mayer-Schonberger, 2010).

Til að fjalla á greinargóðan hátt um þetta viðfangsefni og ná fram aðalatriðunum þess er reglugerðarumhverfi frumkvöðla í þessari grein skipt í þrjá meginflokkka; skráningu og skriffræði, almenna lagaumgjörð, og skattaumhverfi, en þessir þættir hafa bæði áhrif á hvata frumkvöðla til að stofna fyrirtæki og rekstrarskilyrði þegar þau eru tekin til starfa (Ahmad og Hoffmann, 2008; Djankov, 2009).

## 1.2 Skráning og skriffræði

Stjórnvöld semja reglugerðir um skráningu og gera kröfur til skráningar til að tryggja að fyrirtækin uppfylli lágmarksskilyrði til að útvega vörur og þjónustu á markað (Darni-hamedani, Block, Hessels og Simonyan, 2015; Djankov, La Porta, Florencio og Shleifer, 2002). Þessir ferlar fela í sér kostnað og útheimta tíma sem oft og tíðum er takmarkaður, en í sumum tilfellum er mikilvægt að koma vörinni sem fyrst á markað af samkeppnisá- stæðum, en þá er tíminn enn dýrmætari en ella. Því fleiri sem skrefin eru og þeim mun meiri upplýsinga sem krafist er, því lengri tíma tekur að uppfylla kröfurnar, en það hefur áhrif á vilja frumkvöðla til að stofna fyrirtæki (Levie og Autio, 2011). Sama gildir um skrá- setningargjöld og annan kostnað við að stofna fyrirtækis, því meiri sem hann er, þeim mun minni áhuga hafa frumkvöðlar á að stofna fyrirtæki (Djankov, 2009). Af þessum ástæðum ættu kröfur um skriffinsku og skráningargjöld að veða eins lítið og mögulegt er, en megin- áherslan ætti að vera að opna aðgengilega leið fyrir frumkvöðla til að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd og njóta ávinnings þeirra.

Kröfur um skriffinsku taka ekki einungis til þess þegar verið er að stofna fyrirtæki, heldur halda þær áfram eftir að rekstur er hafinn, svo sem kröfur um framleiðslu þegar við á, kröfur um starfsmannamál og ýmsar skyldur sem þeim fylgja, endurskoðun og skattframtöl. Til eru dæmi um að stjórnvöld hafi sparað frumkvöðlafyrirtækjum mikið



fjármagn með því að minnka slíkar kröfur svo sem á Nýja Sjálandi þar sem frumkvöðla-starfsemin er mjög öflug (Djankov o.fl., 2002). Umfangsmikið reglufargan og skortur á gegnsæi um þær reglur sem frumkvöðlar þurfa að uppfylla til að stofna fyrirtæki getur haft neikvæð áhrif, bæði á fyrirtækið sem þarf að kljást við dýrar og tímafrekar verklags-reglur, sem og samfélagið sjálft (Keuschnigg og Nielsen, 2004; Klapper, Laeven og Rajan, 2006). Það eru því ekki einungis reglurnar sjálfar sem hafa áhrif, heldur einnig hversu aðgengilegar upplýsingar um þær eru og hversu góð aðstoð og leiðsögn stendur frumkvöðlum til boða við að uppfylla þær kröfur sem til þeirra eru gerðar.

Lög, staðlar og reglugerðir eru nauðsynleg til að auðvelda þróun viðskiptasamfélags, en þegar fyrirtæki eiga viðskipti sín á milli þurfa þau að geta verið viss um að hægt sé að framfylgja gerðum samningum og að viðsemjendur geti ekki á auðveldan hátt komist undan þeim og jafnvel stolið hugmyndum frá frumkvöðlunum. Þrátt fyrir þetta, getur verið frumkvöðlafyrirtækjum óhagstætt að starfa í umhverfi þar sem flókið og krefjandi laga- og reglugerðarumhverfi er til staðar (Fernández-Serrano og Romero, 2014; Klapper o.fl., 2006). Mörg frumkvöðlaríkustu lönd heimsins eru þau sem setja minnstar lagalegar skyldur á herðar nýstofnaðra fyrirtækja, líkt og Singapúr, Nýja-Sjáland og Kanada (Röhl, 2016). Þau ríki sem setja íþyngjandi lög og háan stofnkostnað fyrirtækja leiða í flestum tilfellum til minni áhuga einstaklinga á að gerast frumkvöðlar en á sér stað í öðrum ríkjum (Darnihamedani o.fl., 2015; Klapper o.fl., 2006).

### 1.3 Almenn lagaumgjörð

Meðal þeirra laga sem eru frumkvöðlafyrirtækjum sérstaklega mikilvæg eru samkeppnis-lög og lög um einkarétt og höfundarétt, en þau skapa þeim aðstæður til að keppa á markaði án markaðsmisnotkunar frá öflugum fyrirtækjum sem þegar eru til staðar (Chowdhury, Terjesen og Audretsch, 2015). Þetta er sérstaklega mikilvægt þar sem starfsemi frumkvöðla byggir í flestum tilfellum á nýstárlegum hugmyndum, en einkum þá er mikilvægt að til staðar sé löggjöf sem geri þeim kleift að njóta afraksturs hugmyndarinnar áður en aðrir aðilar á markaðnum geti hermt eftir og stolið hugmyndinni (Dutta, Lanvin og Wunsch-Vincent, 2016). Til að frumkvöðlafyrirtæki geti unnið hugmyndum sínum brautargengi er mikilvægt að upplýsingar um löggjöfina séu aðgengilegar, auðskiljanlegar og fyrirsjáanlegar (Evans og Gabel, 2014).

Lög um gjaldþrot eru mikilvæg til að frumkvöðlar geti farið af stað með hugmynd án þess að eiga á hættu að fyrirgera möguleikum sínum til annarra starfa eða að byrja aftur ef ekki tekst vel til (Armour og Cumming, 2008). Sú áhætta fylgir reyndar, að fjárfestar og lánveitendur þurfa að bera kostnaðinn, en, í fyrsta lagi kann að vera að þeir hafi hvort sem er verið búnir að tapa fjármununum auk þess sem það getur verið í þágu samfélagsins að ýta undir áhuga á þátttöku í frumkvöðlastarfsemi með þessum hætti (Armour og Cumming, 2008; Mayer-Schonberger, 2010). Það skiptir einnig máli að ekki sé of flókið og seinlegt að fara í gegnum gjaldþrotameðferð. Því færri sem skrefin eru og því fljótar sem gjaldþrotameðferðin gengur fyrir sig, þeim mun líklegri er að frumkvöðlar telji áhugavert að fara af stað með nýja hugmynd, jafnvel þó því fylgi nokkur áhætta (Napier o.fl., 2012).

### 1.4 Skattaumhverfi

Rannsóknir sýna að það eru ekki einungis álagðir skattar sem hafa áhrif á áhuga á því að gerast frumkvöðlar og vilja þeirra til að halda áfram rekstri, heldur einnig flækjustigið í skattkerfinu. Þannig leiddi rannsókn Braunerhjelm og Eklund (2014) í ljós, að við 10 pró-senta aukningu á sköttum minnkar áhuginn á því að stofna frumkvöðlafyrirtæki um 3% og að sambærileg aukning á flækjustigi í skattkerfinu hefur sömu áhrif. Í Evrópusam-bandinu hefur verið lögð áhersla á að bjóða smáum fyrirtækjum upp á einfaldari leið við skattframtöl með góðum árangri, en það sparar þeim kostnað og skapar þeim auk þess tækifæri til að vernda mikilvægar upplýsingar sem annars yrðu opnar samkeppnisáðilum (Kitching, Kašperová, Blackburn og Collis, 2011). Í rannsóknarramma OECD og Nordic

Growth Ownership (Nger) eru þrír meginflokkar af sköttum sem hafa áhrif á áhuga á stofnun og þátttöku í frumkvöðlastarfsemi, tekjuskattar sem lagðir eru á frumkvöðlana sjálfa, tekju- og eignaskattar sem lagðir eru á fyrirtæki og fjárfestingaskattar, eða skattar sem lagðir eru á eign fjárfesta í fyrirtækjunum (Ahmad og Hoffmann, 2008; Napier o.fl., 2012).

## 2 Rannsóknaraðferð

Til að ná báðum markmiðum rannsóknarinnar, annars vegar að varpa ljósi á reglugerðar-umhverfi frumkvöðla á Íslandi og hins vegar að greina tækifæri til úrbóta er ekki nægjanlegt að skoða íslenskt umhverfi eitt og sér, heldur þarf að bera það saman við aðstæður í löndum sem raunhæft er að bera Ísland saman við. Í þessu skyni er stuðst við blandaða rannsóknaraðferð, en hún hentar vel fyrir rannsóknarspurninguna sem leitar svara við stöðu reglugerðarumhverfis á Íslandi og hvaða tækifæri til úrbóta eru í samanburði við helstu nágrannaþjóðir okkar. Ástæðan er sú, að starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja þarf að vera sambærilegt við það sem gerist í öðrum þjóðum ef fyrirtækin eiga að geta staðist samkeppni við aðila á alþjóðamörkuðum. Samanburður á innsýn íslenskra frumkvöðla við stöðuna í helstu nágrannalöndum okkar skapar tækifæri til að greina hvar tækifæri til úrbóta gætu legið. Wooley (2009) bendir á að líta megi á meginlegga og eigindlega rannsóknaraðferð sem samþættar að svo miklu leyti sem notkun aðferðanna er greinilega tengd í sömu rannsókninni með þeim hætti að samþættingin varpi skýrara ljósi á niðurstöðuna og að ávinningurinn sé meiri en samanlögð niðurstaða hvorrar aðferðarinnar fyrir sig (bls. 7). Í þessu skyni byggir rannsóknin annars vegar á alþjóðlegri greiningu á grundvelli fyrirliggjandi gagna úr meginlegri rannsókn þar sem kannað var reglugerðarumhverfi Norðurlandanna og hins vegar á eigindlegri rannsókn sem gefur kost á að öðlast dýpri skilning á efninu og fá innsýn í skoðanir viðmælenda (Kristjánsdóttir og DeTurk, 2013). Ólíkum leiðum er beitt við blandaða rannsóknaraðferð, ýmist er hvor aðferðin kynnt fyrir sig og síðan dregnar saman niðurstöður úr báðum þeirra eða að fjallað er um niðurstöðurnar sameiginlega (Tashakkori og Creswell, 2007). Í þessari rannsókn var fyrri aðferðinni beitt þar sem hún var talin varpa skýrari mynd af niðurstöðunni (Bryman, 2007). Þessi aðferð opnar jafnframt leiðir til að fá nánari innsýn í þætti sem nýttir hafa verið í fyrri rannsóknum og draga fram mikilvægar áherslur, að minnsta kosti við ákveðnar sér aðstæður, svo sem á Íslandi, en geta engu að síður átt við í öðru umhverfi (Ahmad og Hoffmann, 2008). Hér á eftir verður fjallað um báðar rannsóknaraðferðirnar og niðurstöður dregnar síðan úr báðum aðferðunum sameiginlega.

### 2.1 Alþjóðlegar greiningar

Í tvígang hafa samtökin Nordic Innovation unnið rannsókn á reglugerðarumhverfi frumkvöðla á Norðurlöndunum undir heitinu Nordic Growth Entrepreneursip Review (Nger), fyrst árið 2007 og síðan 2012. Markmið rannsóknarinnar er að koma auga á leiðir sem gætu stuðlað að því að efla viðskipti og frumkvöðlastarfsemi í einstaka löndum (Napier o.fl., 2012). Enn sem komið er hefur rannsókn á reglugerðarumhverfinu ekki verið endurtekin. Í niðurstöðum síðustu skýrslunnar voru styrkleikar Íslands taldir liggja í regluverki, frumkvöðlamenningu og frumkvöðlafærni (Napier o.fl., 2012). Þessar niðurstöður voru í samræmi við sambærilega rannsókn frá OECD, en þar skipaði Ísland sjöunda sæti af 36 OECD ríkjum er varðar samkeppnishæfni í reglugerðarumhverfi frumkvöðla (Ahmad og Hoffmann, 2008). Eins og fram kemur í töflu 1, eru þættirnir sem teknir eru til skoðunar að flestu leyti svipaðir í báðum greiningunum.

**Tafla 1.** Þættir í reglugerðarumhverfi frumkvöðla

Þættir	Nger	OECD
Kröfur um skrifffinsku	X	
Kröfur um skrifffinsku fyrir inngöngu		X
Kröfur um skrifffinsku í vexti		X
Gjaldþrotalöggjöf	X	X
Vöru- og starfsmannalöggjöf	X	
Löggjöf um vörur		X
Löggjöf um atvinnumarkað		X
Öryggis-, heilsu- og umhverfislöggjöf		X
Dóms- og lagaumgjörð	X	X
Samfélags- og öryggismál		X
Tekjuskattar	X	
Tekju- og eignaskattar		X
Fyrirtækja- og fjárfestingaskattar	X	X
Einkaréttarlöggjöf og staðlar	X	

Greiningin frá OECD hentar að mati höfunda ekki eins vel í þessa rannsókn og greiningin frá Nordic Innovation, annars vegar þar sem OECD greiningin er unnin 2007, eða fyrir efnahagshrunið á Íslandi árið 2008, þegar aðstæður voru töluvert ólíkar og hins vegar þar sem hún er ekki eins ítarleg, en í Nger er hægt að skoða nánar þær breytur sem standa að baki hverri einkunn fyrir sig og gefur hún því betri mynd af stöðu Íslands. Þá er Nger greiningin sérstaklega áhugaverð þar sem hún leggur áherslu á stöðu Norðurlanda, sem Íslendingar bera sig gjarnan saman við, fremur en önnur lönd.

## 2.2 Eigindleg rannsókn

Í eigindlegri aðferðafræði er lögð höfuðáhersla á að þátttakandi setji fram sína túlkun á veruleikanum og því sé mikilvægt að rannsakandi afli sér upplýsinga um þá merkingu sem þátttakandi leggur í þá túlkun (Merriam og Tisdell, 2015). Í þessari rannsókn voru tekin djúpvíðtöl; þar notar rannsakandinn viðtalsramma, en viðmælendur tjá sig frjálsglega um viðfangsefnið sem rannsóknin snýr að og hafa þar tækifæri til að lýsa upplifun sinni af því með sínum eigin orðum (Orbe, 1998). Rannsakendur beittu þessari aðferð og notuðu hálfstaðlaðan viðtalsramma með opnum spurningum, en sú nálgun gefur viðmælendum tækifæri til að tjá sig um málefnið á sinn eigin hátt með eins lítilli aðkomu rannsakanda og unnt er (Merriam og Tisdell, 2015).

Viðmælendur voru valdir með það að markmiði að geta gefið innsýn í hugarheim frumkvöðla á Íslandi. Allir hafa viðmælendur komið að stofnun eða rekstri frumkvöðlafyrirtækis og flestir starfa enn á þeim vettvangi. Sumir viðmælenda voru enn á frumstigum síns fyrirtækis, en aðrir voru í þann veginn að koma vörunni sem fyrirtækið var að þróa á markað. Þá var einnig rætt við einstaklinga sem hafa þegar lokið þessum stigum og selt fyrirtæki sín. Höfundar reyndu jafnframt að fá viðmælendur sem höfðu komið að mismunandi tegundum fyrirtækja til að fá innsýn í hugarheim frumkvöðla úr sem breiðustu litrófi efnahagslífsins. Leitað var til sex einstaklinga sem sumir hverjir höfðu komið að nokkrum fyrirtækjum, en það var talið fullnægjandi til að öðlast góða innsýn í hugarheim frumkvöðla vegna þeirrar víðtæku reynslu sem viðkomandi aðilar búa yfir. Nöfn fyrirtækja og viðmælenda verða ekki gefin upp í rannsókninni, heldur verður vísað til bókstafa, A, B, C, D, E og F sem standa fyrir fyrirtækin sem viðmælendur störfuðu fyrir þegar viðtölin fóru fram (sjá nánar töflu 2). Rétt er að taka fram að þar sem einn viðmælendinn hafði unnið fyrir mörg frumkvöðlafyrirtæki (raðfrumkvöðull), endurspegluðu viðtölin reynslu úr fleiri fyrirtækjum en þeim sex sem viðmælendur störfuðu hjá þegar viðtölin

fóru fram. Þau voru tekin upp með leyfi viðmælenda, afrituð og greind samkvæmt viðurkenndum aðferðum. Við framkvæmd rannsóknarinnar kom fram metnun þegar síðustu viðtölin fóru fram, en hún á sér stað þegar upplýsingar sem fram koma fara að endurtaka sig og sömu þemu koma fram í gagnagreiningu, en þau voru skráning og skrifræði, almenn lagaumgjörð og skattaumhverfi.

**Tafla 2.** Viðmælendur, verkefni og staða þróunar

Viðmælandi	Reynsla	Staða þróunar
A	Hugbúnaður, hönnun á greiðsluappi	Hönnun á lokastigi
B	Grafískur hönnuður, app fyrir samfélagsmiðla og tengslanet	Vara í þróun
C	Viðskiptafræðingur og fjármálastjóri. Hugbúnaður fyrir bankaviðskipti	Vara komin á markað
D	Stofnandi og framkvæmdastjóri. Framleiðsla á sérhæfðum barnaleikföngum	Komin langt á veg í þróun
E	Stofnun og þróun nokkurra frumkvöðlafyrirtækja. Þróun gagnabanka fyrir viðskiptagreind	Vara komin á markað
F	Raðfrumkvöðull, vinnur að hugbúnaði fyrir gagna- og atburðagreiningu í rauntíma	Vara komin langt í þróun

Viðtölin fóru fram í árslok 2014 og tóku um 40 – 50 mínútur hvert þeirra.

## 3 Niðurstöður

### 3.1 Erlendar greiningar

Til að bera reglugerðarumhverfi á Íslandi saman við önnur lönd var leitað fanga í fyrirbyggjandi rannsóknir. Tvær rannsóknir komu helst til greina, annars vegar rannsókn sem unnin var fyrir ríki innan OECD (Lunati, 2010) og hins vegar svokölluð Nger greining, en í henni var tekið fyrir reglugerðarumhverfið á Norðurlöndunum (Napier o.fl., 2012). Að undangenginni skoðun á þessum greiningum reyndist gagnlegast fyrir þessa rannsókn að taka mið af stöðunni á hinum Norðurlöndunum og styðjast við Nger greininguna, en algengt er að miðað sé við Norðurlöndin af menningarlegum ástæðum, svo og þar sem mannfjöldi þeirra er nær því sem er á Íslandi en í mörgum öðrum vestrænum löndum. Niðurstöður greiningarinnar er að finna í töflu 3. Skalin í töflunni er byggður upp þannig að sú þjóð sem er með hagstæðustu skilyrði fær einkunnina 100 að hámarki fyrir einstaka undirþætti og sú þjóð sem er með slökustu skilyrðin fær að lágmarki einkunnina 0. Því næst var reiknuð út meðaltal allra undirþáttanna fyrir hvern þátt. Kvarðinn var síðan notaður til að meta stöðuna í einstaka þáttum í sérhverju landi út frá hlutfallslegum samanburði á grundvelli niðurstaðnanna í öllum löndunum. Í niðurstöðunum var jafnframt tekið mið af stöðunni í öðrum löndum OECD. Síðan eru allir þættirnir vegnir saman og reiknaður út heildarmælikvarði út frá því hversu góð skilyrðin eru í viðkomandi þætti. Eins og fram kemur í töflunni, þá er staðan á Íslandi nokkuð góð varðandi fyrstu fjóra þættina; kröfur um skriffinsku byrðar, gjaldþrotameðferð, vöru- og vinnulöggjöf og meðferð og fullnustu dómsmála, þó svo að þar séu reyndar enn tækifæri til úrbóta. Hins vegar er staðan varðandi samkeppnislöggjöf, tekjuskatta einstaklinga, fyrirtækja- og eignaskatta og einkaréttarlöggjöf og staðla ekki góð. Það vekur þó athygli að einkunn fyrir tekjuskatta einstaklinga er slök á öllum Norðurlöndunum. Þetta á enn fremur við um fyrirtækja- og eignaskatta, en þrátt fyrir að Ísland skori ekki hátt í þessum þáttum, þá er staðan ekki lakari en á hinum Norðurlöndunum.



**Tafla 3.** Reglugerðarumhverfi á Norðurlöndum

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
Kröfur um skriffinsku	82	80	79	77	87
Gjaldþrotameðferð	88	90	87	95	75
Vöru- og vinnulöggjöf	100	46	79	12	5
Almenn lagaumgjörð	50	68	84	75	83
Samkeppnislöggjöf	58	72	43	61	23
Tekjuskattar einstaklinga	10	28	42	29	13
Fyrirtækja- og eignaskattar	47	48	67	30	50
Einkaréttarlöggjöf og staðlar	87	100	55	81	84

Samantekt höfunda, byggð á Nger (Napier o.fl., 2012)

Einn af útgangspunktum greiningar Nger yfirlitsins á Íslandi eru þær takmarkanir sem stærð íslenska hagkerfisins og hinn smái markaður sem hér er við lýði setja vaxtarmögu- leikum fyrirtækja. Þessar takmarkanir eru meðal ástæðna fyrir því að mjög fá íslensk fyrirtæki verða stór innan tíu til fimmtán ára frá stofnun. Því er nauðsynlegt, samkvæmt greiningunni, að fyrirtæki sem starfrækt eru á Íslandi hafi tækifæri til að stefna á erlendan markað (Napier o.fl., 2012).

Í Nger greiningunni er jafnframt að finna samanburð á þróun reglugerðarumhverfis yfir tímabilið 2008-2012. Yfirlit yfir þróun reglugerðarumhverfis á Íslandi er að finna í töflu 4, en í henni kemur í ljós að reglugerðarumhverfið á Íslandi versnaði í samanburði við hin Norðurlöndin á tímabilinu, mest hvað varðar fyrirtækja- og eignaskatta annars vegar og hins vegar varðandi einkaréttarlöggjöf og staðla (Napier o.fl., 2012).

**Tafla 4.** Þróun reglugerðarumhverfis á Íslandi 2008-2012

	2008	2010	2012	Breyting 2008-12
Kröfur um skriffinsku	83	80	79	-4
Gjaldþrotameðferð	85	84	87	+2
Vöru- og vinnulöggjöf	81	81	79	-2
Almenn lagaumgjörð	87	86	84	-3
Samkeppnislöggjöf	49	45	43	-6
Tekjuskattar einstaklinga	46	47	42	-4
Fyrirtækja- og eignaskattar	89	73	67	-22
Einkaréttarlöggjöf og staðlar	72	67	55	-17

Samantekt höfunda, byggð á Nger (2012)

Í umfjöllun í skýrslunni um þróunina á Íslandi er tekið fram að staðan sé nokkuð góð, en þó lögð rík áhersla á að Ísland er eina ríkið á Norðurlöndunum sem ekki hefur bætt umhverfi frumkvöðlafyrirtækja á samanburðartímabilinu. Er þessi staða ekki síst tengd efnahagshruninu og þeim aðgerðum sem stjórnvöld gripu til í kjölfar þess.

### 3.2 Eigindleg rannsókn

Áður en viðtölin fóru fram var þróaður spurningalisti á grundvelli undirkafla Nger yfirlitsins. Viðmælendur voru spurðir um; hvort þeir teldu reglugerðarumhverfið á Íslandi hentugt frumkvöðlafyrirtækjum, hvað þeim fyndist um kostnað við að hefja rekstur, hvort þeir teldu reglugerðarumhverfið skapa nægjanlega hvata fyrir frumkvöðlastarfsemi, hvort þeim fyndist skattaumgjörðin henta frumkvöðlafyrirtækjum, hvort þeir hefðu hugmyndir eða reynslu af reglugerðarumhverfi erlendis sem gagnlegt væri að innleiða á Íslandi að

þeirra mati og hvort þeir vildu koma einhverju á framfæri í lokin. Eftir að viðtölin voru afrituð voru þau greind með aðferðum eigindlegrar aðferðar og niðurstöðurnar flokkuð í þemu.

### 3.2.1 Skráning og skrifræði

Viðmælendur töldu að flækjustigið í löggjöfinni væri hamlandi, en til að veiga upp á móti því hafa íslenskir frumkvöðlar í sumum tilfellum fengið styrk fyrir stuðning við að komast í gegnum flækjustigið og hefur það gert gæfumuninn.

*Þetta er svolítið flækjustig og maður er að gera samninga við svo mismunandi. Þetta eru alveg allt aðrir hlutir að vinna að og ég var alveg ný í þessu og ég varð að stofna fyrirtæki og fá samþykktir. Hvað er það? Það er einhvern veginn ekkert í þessu lagalega umhverfi sem er sjálfgefið og maður skilur þetta ekki þegar maður er að horfa á það í fyrsta sinn.*

...

*En svo stofna ég í rauninni bara fyrirtækið mjög fljótt og þá fer það bara svona inn í eitthvað ferli. Ég fékk reyndar KPMG, sem sagt vinnutíma frá þeim svo þeir hjálpuðu mér að búa um stofnun fyrirtækisins og búa til allar samþykktirnar og ég bara þurfti að mæta og skrifa undir. Það var mjög þægilegt (viðmælandi D).*

Viðmælandi A fjallaði um flækjustigið, bæði í styrkjakarfinu og að stofna fyrirtæki. Að hluta til virðist hann reyndar ekki telja okkur standa mjög aftarlega, en það séu engu að síður tækifæri til að gera enn betur.

*Ég held að það sé hægt að einfalda kerfið. Ég held að sumir hlutir séu of flóknir [...] ef maður rankar það hversu auðvelt er að stofna fyrirtæki, þá erum við í top 15 held ég, en við gætum verið í top 5 eða 3. [...] Við gætum gert þetta hraðar ... það er mikilvægt fyrir þá sem eru að standa í fyrirtækjarekstri að reglurnar séu skýrar einfaldar og almennar. Að þetta sé ekki undanþágubusiness heldur skýrar einfaldar reglur.*

Jafnvel þó ekki væri um styrk að ræða, fannst viðmælendum þess virði að kaupa ráðgjöf til að komast í gegnum reglugerðarumhverfið. „Þó að sá kostnaður hafi verið hár og hafi sviðið á þeim tíma reyndist það góð fjárfesting“ (viðmælandi F). Allir viðmælendur ræddu mikilvægi þess að hafa einfalt regluverk. Það er því brýn nauðsyn að stjórnálagamenn vinni að því að setja fyrirtækjum einfaldar og skilvirkar starfsreglur (viðmælandi C). Reglugerðarumhverfi Íslands þarf að vera samnefnari yfir:

*[...] lög sem allir þekkja, þvælast ekki fyrir neinum fjárfestum, þvælast heldur ekki fyrir ef einhver vill kaupa fyrirtækið [...] Þetta snýst bara um ef einhver lögfræðingur spyr hvar eruð þið staðsettir, þá veit hann allt um það og þá þarf enginn að leggja neitt á sig til að kaupa þig eða fjármagna (viðmælandi F).*

Meirihluti viðmælenda hafði orð á hve skráningargjöld við stofnun fyrirtækis á Íslandi væru há og töldu stofnkostnað vera einn af hæstu þröskuldum sem ung fyrirtæki þyrftu að eiga við. Aðrir töldu reyndar, þvert á móti, að skráningargjaldið mætti ekki vera of lágt, því að ákveðin sía í skráningargjaldinu væri heppileg til að koma í veg fyrir að þeir sem ekki væri næg alvara færu að stofna fyrirtæki, í sumum tilfellum á veikum grundvelli (viðmælandi C). Viðmælendur höfðu engu að síður margir á orði hve erfitt væri að koma fótum undir fyrirtæki sitt, töldu reglugerðarumhverfið flókið og of krefjandi að stofna fyrirtæki hér á landi. Meðal þess sem þeir nefndu er krafa um skrásetningu á tilteknum hlut í félagi strax í upphafi.

*Af því að þegar þú ert að stofna fyrirtæki, þá er eignarhlutinn ekki almennilega ákvarðaður. Þú vilt ekki festa eignarhluta, maður veit ekki hver dettur frá eftir hálf tveggja ár eða eitt ár. Það getur skaðað fyrirtækið mikið ef einhver sem á stóran hlut fer síðan frá og vill ekki gefa hann frá sér. Eins og þetta er erlendis, sérstaklega í BNA (Bandaríki Norður Ameríku), þar sem er svona „vesting“ fyrirkomulag, þá er það í lögunum. Það er ekki í lögunum hjá okkur. Það verður alltaf einhver að eiga fyrirtækið hjá okkur, bæði upp á skatta og annað (viðmælandi A).*

Annar þáttur sem viðmælendum fannst vera ákveðin hindrun er stofnkostnaðurinn og krafan um lágmarkshlutfé, en þó voru viðmælendur ekki á einu máli um hversu mikil hindrun það væri.

*„Hvað er hann ekki 130.000 og hlutféð upp á einhverja hálf. Þetta er í það hæsta myndi ég segja. Þetta er viðráðanlegt, en maður er ekkert að hoppa til. Það er ekki fyrir en maður er búinn að fullvissa sig að þetta sé það sem maður vill. Við stofnuðum ekki okkar fyrirtæki fyrir en við fegnum inn hlutfé eða vorum með það fyrir víst. Annars erum við ekki komnir of langt.“ (viðmælandi A)*

*„Þessi 130 kall (AR: skráningargjaldið), ætli þetta sé ekki nálægt því að vera kostnaðarverð. Þetta er ekki eitthvað sem ég held að sé frágangssök fyrir marga, þó að þetta sé þó eitthvað. Flestir sem fara af stað í dag eru farnir að gera fullt af hlutum áður en þeir formlega stofna fyrirtækið, prófa hugmyndina áður en að kostnaðinum kemur. Í mínum huga er þetta ekki eitthvað sem ... já þetta er bara ásættanlegt, þó að megi lækka kröfuna um lágmarkshlutfé.“ (viðmælandi E).*

Þó nefndi viðmælandi E, raðfrumkvöðull sem komið hefur að stofnun og rekstri margra frumkvöðlafyrirtækja, tvö lönd eða svæði, Delaware í Bandaríkjunum og Írland, þar sem frumkvöðlafyrirtæki hafa náð góðum árangri, en í þessum löndum kostar nánast ekkert að skrá ný fyrirtæki, og fannst honum umhugsunarvert að Íslendingar tækju þetta til fyrirmyndar.

Að mati viðmælenda er það því fyrst og fremst flækjustigið í reglugerðarumhverfinu sem mætti minnka, auk þess sem kröfur um lágmarkshlutfé eru frekar háar að mati sumra þeirra.

### 3.2.2 Almenn lagaumgjörð

Flestir viðmælendanna voru almennt nokkuð sáttir við lagaumgjörðina, en aðrir voru það stutt komnir með fyrirtækið að þeir höfðu ekki mikla skoðun á því. „Lagaumhverfið er fínt, það er fljótlegt að setja upp fyrirtæki og reglurnar eru skýrar“ (viðmælandi A), en sem dæmi nefndi hann að endurgreiðsla á rannsóknar og þróunarkostnaði hafi verið einföld í framkvæmd. Það helsta sem þeim fannst um lagaumgjörðina er hve breytileg hún er og hversu mikil óvissa er um hana. Töldu viðmælendur skort á heildarsýn og langtímaplani há íslenska regluverkinu, „[...] við erum bara að taka ad hoc (ísl. sérsniðinn) plástra hér og þar [og] það þarf að vera strategískari nálgun á ákvarðanatöku. Ekki svona plástrar, því mér finnst þetta vera of skammtíamamiðuð hugsun“ (viðmælandi B). Þá nefndu sumir viðmælendanna styrki undir þessum lið, en einn þeirra nefndi í þessu samhengi, að styrkir sem eingöngu eru ætlaðir konum væru ekki til þess gerðir að einfalda regluverkið. Gagnrýnin sneri ekki að styrkinum sem slíkum, heldur að slíkar sértækar lausnir væru ekki til þess fallnar að gera umhverfið einfaldara, straumlínulagaðra og auðveldara að vinna í. Umræða um lagaumgjörðina tengdist einnig nokkuð Evrópusambandinu og að vera hluti af því regluverki, enda nær aðeins hluti þess hingað til lands í gegnum evrópska efnahagssvæðið. Viðmælandi F telur til dæmis mikil tækifæri vera fyrir hendi að búa til eins almennt og staðlað lagaumhverfi og hægt er og að raunverulega ætti að taka skrefið til fulls í samlögun að

lagaumhverfi Evrópusambandsins. „Til að auðvelda viðskipti, vera partur af stærra markaðs-svæði, [...] EES er auðvitað að bjarga okkur í þessu samhengi“ (viðmælandi F).

### 3.2.3 Skattaumhverfi

Sá þáttur sem viðmælandur töldu Ísland standa sig einna verst í varðar tekjuskatt. Telja þeir skattbyrðina háa, bæði ef horft er til skattþreps fyrir hátekjufólk og meðalskattbyrði, auk þess sem flækjustig skattkerfisins var talið mikið. Þessi þáttur var helsta áhyggjuefni viðmælanda, og hindrun í framgangi frumkvöðlafyrirtækja, sérstaklega á upphafsárum fyrirtækjanna. Þar vó þyngst, að samkvæmt lögum er frumkvöðlum ekki heimilt að vinna launalaust í þágu fyrirtækis síns. Er þar vísað til þess að einstaklingar verða að reikna sér laun sem samræmast þeim taxta sem gengur og gerist í samfélaginu, en geta ekki gefið lægri laun upp til skatts (viðmælandi F). Þessi lög gera að verkum að forsvarsmenn ungra fyrirtækja, sem ekki hafa mikinn pening milli handanna, hafa ekki leyfi til að vinna ókeypis í þágu eigin fyrirtækis án þess að brjóta lög. Enn fremur kom fram að skattaíviln-anir til frumkvöðlafyrirtækja eru afar takmarkaðar.

*Við erum ekki komir með neinar tekjur ennþá þannig að við erum bara að lifa af þessu hlutafé. Það væri náttúrulega alveg frábært ef það væru einhvers konar skattaívilnanir sem maður gæti kannski síðar meir unnið til baka. Nú erum við búnir að ganga vel á hlutaféð og þegar við förum að fá tekjur verða þær mjög lágar til að byrja með og vaxa hægt. Það væri mjög gott að fá einhvern stuðning þar. Mér finnst erfitt að vera að borga stóran hluta af fjárfestingunni minni í skatt áður en fyrirtækið er komið á legg (viðmælandi A).*

Ein þeirra leiða sem frumkvöðlafyrirtæki hafa helst upp á að bjóða til að laða til sín hæfa starfsmenn án þess að hafa efni á að borga þeim full laun eru kaupréttarsamningar (Bagley, 2008; viðmælandi E). Umhverfi kaupréttasamninga og hlutabréfaívilnana var nefnt af viðmælandum sem sá þáttur í lagalega umhverfinu sem þyrfti helst að bæta (viðmælandur A, E og F). Töldu þeir reglur um skattlagningu kaupréttar gífurlega óhagkvæmar og órókrétt að skattleggja einstaklinga áður en nokkur raunverulegur hagnaður verður til. Við þá löggjöf sem var við lýði þegar rannsóknin var framkvæmd var skattlagning miðuð við það þegar aðili móttækur verðmæti hvort sem þau eru í formi peninga eða í öðru formi (Alþingi, 2003). Hefur það í för með sér að einstaklingur sem nýtir sér kaupréttarsamning ber að greiða skatt af honum við það eitt að vinna sér inn þau réttindi. Töldu viðmælandur þetta fyrirkomulag óeðlilegt þar sem í frumkvöðlafyrirtækjum er líklegra en ekki að verðmæti hlutabréfa verði ekki neitt. Kaupréttir eru einn helsti hvati frumkvöðlafyrirtækja sem ekki hafa mikið fjármagn milli handanna að laða til sín hæfileikaríka starfsmenn, sem eru nauðsynlegir fyrirtækinu (viðmælandi E; Drucker, 1999).

Annað atriði sem viðmælandur töldu takmarkandi þátt í skattaumhverfinu er skattlagning sem erlendir sérfræðingar greiða af tekjum sínum hérlendis. Á öðrum Norðurlöndum njóta erlendir sérfræðingar hagstæðari skattakjara en innlendir aðilar. Þær ívilnanir eru misjafnlega háar í prósentum talið, auk þess sem afslátturinn gildir til mismunandi árafjölda. Er munurinn í Danmörku sérstaklega eftirtektarverður, en þar greiða erlendir sérfræðingar 25% í tekjuskatt á meðan almenn skattbyrði er um 52%. Ef litið er til Norðurlandanna er skattbyrði erlendra sérfræðinga hæst á Íslandi (Viðskiptaráð, 2014). Flækjustigið í skattkerfinu var einnig viðfangsefni sem viðmælandum var hugleikið; þeir töldu það bæði of flókið og of kostnaðarsamt. Minntust þeir meðal annars á að skattakerfið tæki ekki mið af þörfum frumkvöðlafyrirtækja og væri of óbilgjarn í nálgun sinni. „Þegar frumkvöðlafyrirtæki eru á viðkvæmu stigi snemma á lífsferli sínum getur skattbyrðin reynst þeim ofviða“ (viðmælandi A). Þrátt fyrir að nokkrar umbætur hafi átt sér stað frá því að viðtölin í þessari rannsókn fóru fram er skattkerfið á Íslandi enn flókið, en samkvæmt nýútkominni skýrslu PWC og World Bank Group (Weeghel o.fl., 2017) er flækjustigið meira en víða annars staðar. Ísland



skipar þar 18. sæti yfir lönd í Evrópusambandinu og EFTA, sem er lakasta niðurstaða á Norðurlöndunum.

### 3.3 Samþætt niðurstaða úr báðum hlutum rannsóknarinnar

Nú verða dregnar saman niðurstöður úr báðum hlutum rannsóknarinnar, þ.e. um stöðuna á Íslandi á grundvelli viðtalanna og hún sett í samhengi við stöðuna á hinum Norðurlöndunum.

#### 3.3.1 Skráning og skrifræði

Í Nger greiningunni (Nordic Growth Entrepreneursip Review) fékk Ísland nokkuð góða einkunn, 79 (af 100), fyrir kröfur um skriffinsku, sem er svipað og á hinum Norðurlöndunum, en í skýrslunni er sérstaklata minnst á og talið jákvætt hve skamman tíma það tekur að stofna fyrirtæki á Íslandi. Hins vegar dregur stofnkostnaður fyrirtækja einkunn þessa þáttar niður (Napier o.fl., 2012). Þetta er í samræmi við niðurstöður úr eigindlegu rannsókninni, en þar var sérstaklega minnst á bæði þessi atriði. Það er hins vegar áhyggjuefni að einkunn fyrir kröfur um skriffinsku fór niður á tímabilinu 2008-2012, eða úr 83 í 79 á meðan staðan í hinum Norðurlöndunum fór frekar batnandi. Hins vegar var sérstaklega minnst á það í Nger greiningunni að lög um gjaldprotameðferð á Íslandi væri hliðholl frumkvöðlum og hefði batnað (fór úr 85 í 87), en það er almennt talið stuðla að aukinni grósku í frumkvöðlastarfsemi (Armour og Cumming, 2008). Það var því almennt samræmi á niðurstöðum beggja rannsóknaraðferðanna og studdu þær hvor aðra. Helsta viðbótin úr meginlegu rannsókninni er að staðan á Íslandi versnaði á tímabilinu 2008-2012, sem er óheppilegt og ástæða fyrir stjórnámálamenn að hafa í huga.

#### 3.3.2 Almenn lagaumgjörð

Það sem fjallað er um sem almenna lagaumgjörð í þessari grein er mælt í fjórum þáttum í Nger greiningunni, vöru- og starfsmannalöggjöf, meðferð og fullnusta dómsmála, samkeppnislöggjöf og gjaldþrotalöggjöf. Ísland skoraði nokkuð hátt í fyrstu tveimur þáttunum, 79 og 82, en fékk ekki nema 43 í einkunn fyrir samkeppnislöggjöf. Þá er athyglisvert að staða Íslands fór lítillaga niður á við í öllum þessum þáttum á samanburðartímabilinu (2008-2012) að undanskilinni gjaldþrotameðferð. Flestir viðmælenda í eigindlegu rannsókninni voru almennt nokkuð sáttir við lagaumgjörðina, en einn viðmælendanna (viðmælandi F) nefndi þó að það skorti festu í lagaumgjörðinni og einnig að það myndi skapa tækifæri ef hún væri samræmd því sem gerist í Evrópusambandinu enn frekar en átti sér stað þegar rannsóknin var framkvæmd, því þá þyrftu erlendir fjárfestar ekki að setja sig inn í enn eitt lagaumhverfið. Viðmælendur minntust ekki sérstaklega á samkeppnislög undir þessum lið í rannsókninni, en var þó tíðrætt um þætti sem hamla samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja, en þeir þættir falla undir liðinn skattaumhverfi í þessari grein.

#### 3.3.3 Skattaumhverfi

Tekjuskattar einstaklinga annars vegar og fyrirtækja- og eignaskattar hins vegar falla undir liðinn skattaumhverfi í þessari grein. Báðir þessir þættir fengu fremur slaka einkunn í Nger yfirlitinu, eða 42 og 67, sérstaklega þó tekjuskattur einstaklinga. Einkunnin fyrir báða þættina er þó ívið hærri en á hinum Norðurlöndunum, en það þarf varla að taka það fram, að þau ríki eru almennt þekkt fyrir háa skatta. Sérstaka athygli vekur þó að einkunn fyrir fyrirtækja- og eignaskatta fór verulega niður á við á árunum 2008-2012, eða úr 89 í 67. Skattaumhverfið er sá þáttur sem viðmælendum fannst mest hamlandi fyrir íslensk frumkvöðlafyrirtæki og þá sérstaklega tekjuskattar einstaklinga. Þar ber helst að nefna kröfur um að skattleggja tekjur frumkvöðla út frá meðallaunum, sem í sumum tilfellum er nokkuð há fjárhæð, án þess að frumkvöðlarnir séu byrjaðir að greiða sér tekjur. Þetta leiðir til þess að stór hluti af þeim takmörkuðu fjármunum sem þeir hafa aflað til rekstursins fari í greiðslu á sköttum. Annar þáttur sem er hamlandi, er að ekki eru sér-

stök ívilnunarákvaði um skattlagningu á tekjum erlendra sérfræðinga eins og algengt er á hinum Norðurlöndunum. Þriðji þátturinn sem viðmælendur töldu sérstaklega óhagstætt er skattlagning kaupréttarsamninga. Niðurstöður beggja hluta rannsóknarinnar fara vel saman og styðja hvorn annan, en eigindlega rannsóknin veitti þó dýpri innsýn í málefnið eins og gjarnan á sér stað. Á hinn bóginn komu fram gagnlegar upplýsingar um þróun mála á Íslandi í meginlegu rannsókninni.

### 3.3.4 Einkaréttarlöggjöf og staðlar

Einkaréttarlöggjöf og staðlar eru einn þáttur í reglugerðarumhverfinu samkvæmt Nger yfirlitinu, en eru þó ekki flokkaðir sem hluti af reglugerðarumhverfinu samkvæmt svipaðri rannsókn OECD (Ahmad og Hoffmann, 2008). Þessir þættir voru ekki teknar fyrir í eigindlegu rannsókninni, enda áttu þeir ekki við um nema takmarkaðan hluta viðmælendanna. Það var því talið að eigindlega rannsóknin hefði ekki bætt neinu við í þessu tilfelli. Þessi þáttur fær hins vegar freka slaka einkunn í Nger yfirlitinu, eða 55, en athyglisverðast er þó að einkunnin hefur lækkað umtalsvert á tímabilinu 2008-2012, eða úr 72 í 55.

## 4 Tækifæri til úrbóta

Nú verður gerð grein fyrir þróun mála hér á landi undanfarin ár, en ýmsar breytingar hafa verið gerðar til að bæta reglugerðarumhverfi frumkvöðla á þeim tíma sem liðinn er frá því rannsóknin var framkvæmd. Ber þar einna helst að geta *frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum til að styðja við fjármögnun og rekstur nýsköpunarfyrirtækja og smærri fyrirtækja í rekstri* (Alþingi, 2016), en þar er tekið á tveimur mikilvægum atriðum sem komu fram í þessari rannsókn, skattlagningu kaupréttar og skattlagningu á tekjum erlendra sérfræðinga. Með breytingunni er skattlagning kaupréttar orðin sambærileg við það sem gerist á hinum Norðurlöndunum og mikilvæg breyting var gerð á skattlagningu á tekjum erlendra sérfræðinga. Að mati Viðskiptaráðs Íslands (Frosti Ólafsson, Björn B. Björnsson, Margrét B. Sverrisdóttir, Marta G. Blöndal og Sigurður Tómasson, 2016; Viðskiptaráð, 2016) er óþarfa flækjustig í framkvæmd reglugerðarinnar, en samkvæmt henni eru gerðar kröfur um að fram fari sérstakt mat á því hverjir teljist sérfræðingar við veitingu skattalegra ívilnana, en þess er ekki krafist í hinum Norðurlöndunum. Þar að auki var tekið á öðrum mikilvægum málum, svo sem skattaafslætti vegna hlutabréfakaupa og hækkun á hámarki frádráttar til skatts vegna rannsóknar og þróunarkostnaðar. Hér var því um mikilvæga breytingu að ræða sem sýnir vilja stjórnvalda til að bæta reglugerðarumhverfi frumkvöðla.

Bæði í fræðilegri umfjöllun og í greiningu á núverandi stöðu kom fram mikilvægi þess að reglugerðarumhverfi sé skýrt, einfalt og markvisst (viðmælandi C; Keuschnigg og Nielsen, 2004). Slíkt umhverfi hefði ótvíræða kosti í för með sér, en bæði myndi minni kostnaður leggjast á stjórnvöld og frumkvöðlar ekki þurfa að eyða jafn miklum tíma og fjármunum og annars væri raunin (viðmælandi E; Kitching o.fl., 2013). Gott dæmi um þetta flækjustig má sjá í skattkerfinu, en tekjuskattur var meðal þeirra þátta í íslenska reglugerðarumhverfinu sem fengu hvað lægstu einkunn í Nger yfirlitinu. Þrátt fyrir að nokkrar breytingar hafa verið gerðar frá því að viðtölin fóru fram, virðist engu að síður sem enn séu tækifæri til að bæta skattaumhverfið, en í úttekt Efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins á starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja, sem kynnt var á morgunverðarfundi Samtaka iðnaðarins 15. Febrúar 2017 kom fram að Ísland væri háskattaland, skattkerfið óskilvirkt og flækjustigið mikið (Ása Kristjánsdóttir, Óttar Snædal og Tryggvi Másson, 2017).

Loks má nefna, að sumir viðmælendur í eigindlegu rannsókninni töldu að skráningargjald fyrir stofnun fyrirtækja væri fremur hátt, svo og að kröfur um lágmarkshlutfé væru þungar. Ekki voru þó allir sammála um þetta, en rétt er að geta þess að kröfur um lágmarkshlutfé eru ekki útgjöld, heldur fjármunir sem nýtast í starfseminna þegar hún er komin af stað. Engu að síður taldi einn viðmælendanna, raðfrumkvöðull sem hefur töluverða reynslu og þekkingu af stofnun og rekstri frumkvöðlafyrirtækja (viðmælandi F), það

umhugsunarvert að hafa skráningargjaldið nánast ekkert (2 US\$), svipað og í Delaware og Lúxemborg, þar sem slík breyting myndi stuðla að enn frekari frumkvöðlastarfsemi.

## 5 Umræður

Í því heimsvædda umhverfi sem fyrirtæki starfa eru þau ekki lengur jafn bundin landfræðilegri staðsetningu sinni og þau voru áður; ef þau telja hagstæðara að framleiða vöru í tilteknu landi, færa þau einfaldlega framleiðsluferlið þangað. Undanfarin ár hafa sum frumkvöðlafyrirtæki brugðið á það ráð að skrá fyrirtækin erlendis við stofnun eða síðar á æviskeiðinu, líkt og Actavis, Bakkavör og Promens. Ástæður þessarar ákvörðunar fyrirtækjanna eru margar og mismunandi, en rannsóknir benda til þess að reglugerðarumhverfið sé meðal þeirra þátta sem geta haft áhrif á árangur frumkvöðlafyrirtækja (OECD, 2012) og þar af leiðandi væntanlega á ákvörðun þeirra um hvar fyrirtækið er skráð. Hins vegar verður þessi þróun að teljast áfellingdómur yfir rekstrarumhverfi á Íslandi en þessari þróun fylgir mikill kostnaður auk þess sem þjóðartekjur verða minni en ella. Þar sem mikill kostnaður fylgir því að fyrirtæki hverfi úr landi, sérstaklega þekkingarfyrirtæki (McKinsey-Scandinavia, 2012), auk þess sem þjóðartekjur verða minni en ella og samkeppnishæfni þjóðarinnar lakari, er mikilvægt að fá innsýn í þætti sem gætu verið áhrifa-valdar þessarar þróunar. Í þessari rannsókn er einn þeirra tekinn til skoðunar en það er reglugerðarumhverfið. Rannsóknarspurningin sem sett var fram í þessu skyni er:

Hvernig er staðan í reglugerðarumhverfi frumkvöðla á Íslandi og hvar gætu helstu tækifæri stjórnvalda til úrbóta legið með hliðsjón af stöðunni í löndum sem við getum helst borið okkur saman við?

Þessi rannsókn sýndi að staðan í reglugerðarumhverfinu á Íslandi er nokkuð góð. Engu að síður eru enn til staðar tækifæri fyrir Ísland til að gera endurbætur á nokkrum þáttum í reglugerðarumhverfinu þar sem Ísland er enn eftirbátur miðað við aðrar þjóðir, en þær snúa helst að skattamálum og stöðugleika í lagaumhverfinu. Enn fremur komu fram vísbendingar um að kröfur um stofnframlag og skráningargjöld væru hugsanlega ívið miklar. Rannsóknin leiddi jafnframt í ljós að staðan í reglugerðarumhverfi frumkvöðla fór hlutfallslega versnandi á Íslandi á árunum 2008 - 2012 í samanburði við hin Norðurlöndin (Napier o.fl., 2012). Ýmsar endurbætur hafa þó verið innleiddar eftir þann tíma, en ekki fundust rannsóknir um samanburð á stöðunni á Íslandi við hin Norðurlöndin eftir þær breytingar við vinnslu þessarar greinar. Nýleg rannsókn leiddi hins vegar í ljós, að þó svo að Íslendingar séu frekar framarlega í nýsköpun stöndum við öðrum Norðurlandþjóðum nokkuð að baki, en Ísland skipar 25. sæti í nýsköpunarvísitölu Bloomberg á meðan hin Norðurlöndin eru í 2. – 14. Sæti (Jamrisko og Lu, 2017). Þessi niðurstaða gefur til kynna að ástæða sé til að rýna nánar í hvað veldur þessum mun og kanna sérstaklega hvort við getum dregið einhvern lærdóm af aðstæðum á hinum Norðurlöndunum.

Þar sem reglugerðarumhverfið hefur ólík áhrif eftir því hversu langt fyrirtækin eru komin, en helstu tímabilin sem fjallað er um eru annars vegar stofnun fyrirtækjanna og hins vegar eftir að rekstur er hafinn, er ekki nægjanlegt að skoða áhrif þess í heild sinni, heldur þarf að skoða þau út frá þessum ólíku tímabilum. Reglugerðarumhverfi frumkvöðla hvað varðar stofnun fyrirtækja er nokkuð gott á Íslandi í samanburði við hin Norðurlöndin. Þetta styður fyrri rannsóknir sem sýna fram á að áhugi Íslendinga á að stofna frumkvöðlafyrirtæki er mikil í samanburði við aðrar þjóðir (Kelley, Bosma og Amorós, 2011a). Hins vegar benda niðurstöður rannsóknarinnar til þess að nokkrir þættir í reglugerðarumhverfinu hafi neikvæð áhrif á árangur frumkvöðlafyrirtækja sem eru komin af stað og eru í vexti. Flókið skattaumhverfi og íþyngjandi skattstofnar virka letjandi og draga úr samkeppnishæfni fyrirtækja á erlendum mörkuðum (Braunerhjelm og Eklund, 2014). Þar má til dæmis nefna kröfur um að frumkvöðlar standi skil á sköttum af mun hærri launum en þeir greiða sér; skattaumhverfi af þessu tagi dregur úr fjárstyrk fyrirtækjanna og leiðir

til þess að þau ná minni árangri en ella. Enn fremur leiðir rannsóknin í ljós tækifæri til breytinga á skattkerfinu sem myndu auka aðgengi að fjármagni, en skortur á því er meðal veikustu þátta í umhverfi frumkvöðlafyrirtækja á Íslandi (Napier o.fl., 2012).

Ef Ísland vill búa til starfsumhverfi sem stuðlar að sem bestum árangri frumkvöðla, þarf að vinna markvisst að því að innleiða endurbætur á umhverfi þeirra. Þrátt fyrir smæð landsins er frumkvöðlavilji þjóðarinnar mikill (Kelley o.fl., 2011b). Til að bæta upp takmarkanir vegna smæðar markaðarins er mikilvægt að skapa starfsskilyrði sem eru með því besta sem gerist í öðrum löndum, en reglugerðarumhverfið er einn af þeim þáttum sem ætti að vera tiltölulega auðvelt að endurbæta. Í litlum samfélögum er auðveldara að byggja upp tengslanet, auk þess sem samvinna virkar oft betur. Það er mikilvægt að reglugerðarumhverfið sé þannig upp byggt að það örvi og styðji slíka eiginleika svo þeir fái að njóta sín og frumkvöðlafyrirtæki geti vaxið og dafnað allt æviskeið fyrirtækjanna. Þá er mikilvægt að hafa í huga, að jafnvel smávægileg frávik frá heppilegustu skilyrðum geta myndað flöskuháls og jafnframt að ef mikill munur er á einstaka þáttum verða áhrifin enn meiri (Ács o.fl., 2014). Í þessari rannsókn kom fram að töluverður munur er á milli einstaka þátta, en samkvæmt niðurstöðum hennar er sérstaklega mikilvægt að hafa í huga stöðuna í skattamálum (tekjuskattar einstaklinga; fyrirtækja og eignaskattar) og samkeppnislöggjöf, en einnig voru vísbendingar um frekar laka stöðu í einkaréttarlöggjöf og stöðlum.

Ísland er einungis agnarsmár leikari á sviði hagkerfis á heimsvísu og landfræðilega fjarlæggt vaxtarmörkuðum heimsins. Að sama skapi er efnahagsleg stjórnun landsins að mörgu leyti ólík því sem á sér stað meðal þeirra landa sem standa Íslandi frammar í sköpun og þróun frumkvöðlafyrirtækja. Íslensk stjórnvöld hafa sögulega stutt við bakið á þeim atvinnugreinum sem taldar eru bera hitann og þungann af útflutningsverðmætum landsins. Ef frumkvöðlastarfsemi á að komast á sama stall og sjávarútvegur, ál-, og ferðamannaíðnaður standa á í dag, þurfa íslensk stjórnvöld að skapa umhverfi sem gerir slíkt mögulegt. Stjórnvöld þurfa að veðja á auðlindirnar sem búa í Íslendingum sjálfum og skapa umgjörð sem stuðlar að því að þær fái að vaxa og dafna í íslensku samfélagi, en ekki aðeins auðlindir sem liggja djúpt í jörðu eða synda í hafinu umhverfis landið.

Í þessari rannsókn var einungis leitað að helstu tækifærum til endurbóta á reglugerðarumhverfi frumkvöðla, en ekki tæmandi yfirliti; þau virðast fyrst og fremst liggja í breytingum á skattaumhverfinu og einföldun á lagaumhverfinu. Þrátt fyrir að skattaumhverfið sé að sumu leyti ágætt í samanburði við hin Norðurlöndin, þá leiddi þessi rannsókn í ljós nokkra þætti í því sem ekki er vitað til að fjallað hafi verið um í fyrri rannsóknum og hægt er að endurbæta. Þar er um að ræða þætti sem hafa einkum og sér í lagi neikvæð áhrif á nýstofnuð frumkvöðlafyrirtæki og þau sem eru á fyrstu árum starfseminnar. Enn fremur virðast tækifæri liggja í því að einfalda skráningarferlið, hugsanlega að lækka skráningargjöld og minnka lágmarkskröfur um stofnframlag (t.d. lágmarks hlutafé). Sú er von okkar að þessi grein og niðurstöður rannsóknarinnar sem hún byggir á varpi ljósi á stöðu mála í reglugerðarumhverfi frumkvöðla og gefi til kynna tækifæri til úrbóta. Það er hins vegar stjórnámálanna að taka afstöðu til þeirra ábendinga sem hér hafa verið settar fram og meta með hvaða hætti þeir kjósa að breyta löggjöf og reglugerðarumhverfi til að auka samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja á Íslandi og erlendum mörkuðum.

## 6 Takmarkanir

Framangreindar niðurstöður byggja annars vegar á viðtölum sem fram fóru í lok ársins 2014 og endurspegla þann veruleika sem viðmælendur töldu gilda á þeim tímapunkti og hins vegar á greiningu á samanburði á reglugerðarumhverfi á Norðurlöndunum sem unnin var á árinu 2012. Til að bæta úr þessum takmörkunum og auka gildi rannsóknarinnar var leitað upplýsinga um breytingar sem gerðar hafa verið síðustu misseri á Íslandi, allt til ársins 2017, en talsverðar breytingar hafa orðið á reglugerðarumhverfi frumkvöðla á þeim tíma. Áhugavert væri að endurtaka rannsóknina, en mestur ávinningur fengist af slíku framtaki þegar ný greining á reglugerðarumhverfi erlendis, og þá sérstaklega á



Norðurlöndunum, liggur fyrir. Enn fremur er líklegt að það séu fleiri tækifæri til endurbóta en hér er fjallað um og er kjörið tækifæri að kanna það nánar í frekari rannsóknum.

## Heimildaskrá

- Acs, Z. (2006). How is entrepreneurship good for economic growth? *Innovations*, 1(1), 97-107. Sótt af <http://www.mitpressjournals.org/doi/abs/10.1162/itgg.2006.1.1.97#.WH0GJRuLSUk>
- Acs, Z. J., Arenius, P., Hay, M. og Minniti, M. (2004). *Global entrepreneurship monitor*: London, UK y Babson Park, MA: London School y Babson College. Sótt af [http://www.emekin.net/documentos/eu/GEM\\_2004\\_Exec\\_Report.pdf](http://www.emekin.net/documentos/eu/GEM_2004_Exec_Report.pdf)
- Ahmad, N. og Hoffmann, A. (2008). A framework for addressing and measuring entrepreneurship: OECD, Entrepreneurship Indicators Steering Group. Sótt af [http://www.oecd.org/officialdocuments/publicdisplaydocumentpdf/?doclanguage=en&cote=std/doc\(2008\)2](http://www.oecd.org/officialdocuments/publicdisplaydocumentpdf/?doclanguage=en&cote=std/doc(2008)2)
- Alþingi. (2003). Lög um tekjuskatt nr. 90/2003. Sótt 8. október 2014 af <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2001036.html>. Reykjavík: Alþingi.
- Alþingi. (2016). Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að styðja við fjármögnun og rekstur nýsköpunarfyrirtækja og smærri fyrirtækja. Sótt 28. maí 2017 af <http://www.althingi.is/altext/pdf/145/s/1096.pdf>. Reykjavík: Alþingi
- Armour, J. og Cumming, D. (2008). Bankruptcy law and entrepreneurship. *American Law and Economics Review*, 10(2), 303-350. Sótt af <https://academic.oup.com/aler/article-abstract/10/2/303/160051>
- Ács, Z. J., Autio, E. og Szerb, L. (2014). National Systems of Entrepreneurship: Measurement issues and policy implications. *Research Policy*, 43(3), 476-494. doi:<https://doi.org/10.1016/j.respol.2013.08.016>
- Ása Kristjánsdóttir, Óttar Snædal og Tryggvi Másson (15. febrúar 2017). Er eftirsóknarvert að vera eyland? Þjóðagslegt mikilvægi erlendrar fjárfestingar. á Er erlend fjárfesting á Íslandi blessun eða bölg?, Reykjavík. Sótt af <http://www.sa.is/frettatengt/frettir/erlend-fjarfesting-styrkir-stoedu-islands-og-baetir-lifskjoer/>
- Baumol, W. J. og Strom, R. J. (2007). Entrepreneurship and Economic Growth. *Strategic Entrepreneurship Journal*, 1(3-4), 233-237. doi:10.1002/sej.26
- Black, S. E. og Strahan, P. E. (2002). Entrepreneurship and bank credit availability. *Journal of Finance*, 57(6), 2807-2833. doi:10.1111/1540-6261.00513
- Braunerhjelm, P., Desai, S. og Eklund, J. E. (2015). Regulation, firm dynamics and entrepreneurship. *European Journal of Law and Economics*, 40(1), 1-11. doi:10.1007/s10657-015-9498-8
- Braunerhjelm, P. og Eklund, J. E. (2014). Taxes, tax administrative burdens and new firm formation. *Kyklos*, 67(1), 1-11. doi:10.1111/kykl.12040
- Bryman, A. (2007). Barriers to Integrating Quantitative and Qualitative Research. *Journal of Mixed Methods Research*, 1(1), 8-22. doi:10.1177/2345678906290531
- Chowdhury, F., Terjesen, S. og Audretsch, D. (2015). Varieties of entrepreneurship: institutional drivers across entrepreneurial activity and country. *European Journal of Law and Economics*, 40(1), 121-148. doi:10.1007/s10657-014-9464-x
- Darnihamedani, P., Block, J. H., Hessels, J. og Simonyan, A. (2015). Start-up costs, taxes and innovative entrepreneurship. á Academy of Management Annual Meeting Proceedings. doi:10.5465/AMBPP.2015.14518abstract
- Djankov, S. (2009). The Regulation of Entry: A Survey. *World Bank Research Observer*, 24(2), 183-203. doi:10.1093/wbro/lkp005
- Djankov, S., La Porta, R., Florencio, L.-d.-S. og Shleifer, A. (2002). The regulation of entry. *Quarterly Journal of Economics*, 117(1), 1-37. doi:10.1162/003355302753399436
- Dutta, S., Lanvin, B. og Wunsch-Vincent, S. (2016). The Global Innovation Index 2016: Winning with Global Innovation. Sótt af [http://www.wipo.int/edocs/pubdocs/en/wipo\\_pub\\_gii\\_2016.pdf](http://www.wipo.int/edocs/pubdocs/en/wipo_pub_gii_2016.pdf)
- Evans, J. W. og Gabel, A. L. (2014). Legal Competitive Advantage and Legal Entrepreneurship: A Preliminary International Framework. *North Carolina Journal of International Law & Commercial Regulation*, 39(2), 333-422. Sótt af <http://search.ebscohost.com/login.aspx?direct=true&db=bsu&AN=95640756&site=ehost-live>
- Fernández-Serrano, J. og Romero, I. (2014). About the interactive influence of culture and regulatory barriers on entrepreneurial activity. *International Entrepreneurship and Management Journal*, 10(4), 781-802. doi:10.1007/s11365-014-0296-5
- Frosti Ólafsson, Björn B. Björnsson, Margrét B. Sverrisdóttir, Marta G. Blöndal og Sigurður Tómasson. (2016). Leiðin að aukinni hagsæld: Þróun efnahagsmála og framvinda umbóta frá útgáfu Íslandsskýrslu McK-insey. Sótt af <http://vi.is/%C3%BA%t%C3%A1%fa%sk%C3%BD%rslur/leidin-ad-aukinni-hagsaeld.pdf>
- Fuentelsaz, L., Gonzalez, C., Maicas, J. P. og Montero, J. (2015). How different formal institutions affect opportunity and necessity entrepreneurship. *Brq-Business Research Quarterly*, 18(4), 246-258. doi:10.1016/j.brq.2015.02.001
- González-Sánchez, V. M. (2015). Factors Promoting Entrepreneurship in European Countries: Unemployment, Taxes, and Education. *Journal of Promotion Management*, 21(4), 492-503. doi:10.1080/10496491.2015.1051405

- Graham, S. J., Merges, R. P., Samuelson, P. og Sichelman, T. (2009). High technology entrepreneurs and the patent system: Results of the 2008 Berkeley patent survey. *Í Berkeley Technology Law Journal* (bls. 1255-1327).
- Jamrisko, M. og Lu, W. (2017). These Are the World's Most Innovative Economies: Nordic nations dominate the top 15, while South Korea reigns supreme and Russia is dealt a huge blow. Bloomberg Markets. Sótt af <https://www.bloomberg.com/news/articles/2017-01-17/sweden-gains-south-korea-reigns-as-world-s-most-innovative-economies>
- Kelley, D. J., Bosma, N. og Amorós, J. E. (2011a). 2010 Global Report: Global Entrepreneurship Monitor. Sótt af <http://www.gemconsortium.org/report/47109>
- Kelley, D. J., Bosma, N. og Amorós, J. E. (2011b). Global entrepreneurship monitor 2010 executive report [Report]: Babson College, Babson Park, MA, United States; Universidad del Desarrollo, Santiago, Chile; London Business School, London, United Kingdom. Sótt af <http://dspace.library.uu.nl/handle/1874/228073>
- Keuschnigg, C. og Nielsen, S. B. (2004). Start-ups, venture capitalists, and the capital gains tax. *Journal of Public Economics*, 88(5), 1011-1042.
- Kitching, J., Hart, M. og Wilson, N. (2013). Burden or benefit? Regulation as a dynamic influence on small business performance. *International Small Business Journal*, 130-147.
- Kitching, J., Kašperová, E., Blackburn, R. og Collis, J. (2011). Small company abbreviated accounts: A regulatory burden or a vital disclosure. Sótt af <https://www.icas.com/technical-resources/publication-small-company-abbreviated-accounts>
- Klapper, L., Laeven, L. og Rajan, R. (2006). Entry regulation as a barrier to entrepreneurship. *Journal of Financial Economics*, 82(3), 591-629. doi:10.1016/j.jfineco.2005.09.006
- Kristjánsdóttir, E. S. og DeTurk, S. (2013). Cultural Insiders to Cultural Outsiders: Structure, Identity, and Communication in the Adaptation of Domestic, Involuntary Migrants. *Howard Journal of Communications*, 24(2), 194-211.
- Levie, J. og Autio, E. (2011). Regulatory burden, rule of law, and entry of strategic entrepreneurs: An international panel study. *Journal of Management Studies*, 48(6), 1392-1419.
- Litan, R. (2014). Entrepreneurship and Economic Growth. Í K. E. Bettcher, J. Kindle og F. Stroker (ritstj.), *Creating the Environment for Entrepreneurial Success*. Washington, US: Center for International Private Enterprise.
- Lunati, M. (2010). The OECD–Eurostat Entrepreneurship Indicators Programme. A Multi-year expert meeting on enterprise development policies and capacity-building in science, technology and innovation (STI), Geneva.
- Mayer-Schonberger, V. (2003). E-commerce, entrepreneurship, and the law: Reassessing a relationship. *The Emergence of Entrepreneurship Policy: Governance, Start-Ups, and Growth in the US Knowledge Economy*, 195.
- Mayer-Schonberger, V. (2010). Law as Stimulus: The Role of Law in Fostering Innovative Entrepreneurship. *ISJLP*, 6(2), 153.
- McKinsey-Scandinavia. (2012). Charting a Growth Path for Iceland: McKinsey & Company. Sótt af <https://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/charting-a-growth-path-for-iceland-2012.pdf>
- Merriam, S. B. og Tisdell, E. J. (2015). *Qualitative research: A guide to design and implementation*. United States: John Wiley & Sons.
- Napier, G., Rouvinen, P., Johansson, D., Finnbjörnsson, T., Solberg, E. og Pedersen, K. (2012). The Nordic Growth Entrepreneurship Review 2012: Final report: Nordic Innovation. Sótt af <http://www.nordicinnovation.org/Publications/nordic-growth-entrepreneurship-review-2012/>
- OECD. (2012). *OECD science, technology and industry outlook 2012*: OECD.
- OECD. (2016). *STI Outlook 2016 Country Profile: Iceland*: OECD. Sótt af <https://www.innovationpolicyplatform.org/content/iceland>
- Orbe, M. P. (1998). *Constructing co-cultural theory: An explication of culture, power, and communication*. London, New Dehli: Sage.
- Tashakkori, A. og Creswell, J. (2007). Exploring the nature of research questions in mixed methods research. *Journal of Mixed Methods Research*, 1(3), 207-211.
- Viðskiptaráð. (2014). Snúum vörn í sókn: Umhverfi erlendra sérfræðinga á Íslandi. Reykjavík: Viðskiptaráð Íslands. Sótt af <http://www.vi.is/malefnastarf/utgafa/skodanir/2014-08/>
- Viðskiptaráð. (2016). Aukinn stuðningur við nýsköpun fagnaðarefni. Reykjavík: Viðskiptaráð Íslands. Sótt af <http://vi.is/malefnastarf/umsagnir/aukinn-studningur-vid-nyskopun-fagnadarefni/>
- Weeghel, S. v., Lopez-Claros, A., Packman, A., Ramalho, R., Howlett, N., Nasr, J., . . . Ulku, H. (2017). *Paying Taxes 2017* [Report]: PWC; World Bank Group. Sótt af <http://www.pwc.com/gx/en/services/tax/paying-taxes-2017.html>
- Woolley, C. M. (2009). Meeting the Mixed Methods Challenge of Integration in a Sociological Study of Structure and Agency. *Journal of Mixed Methods Research*, 3(1), 7-25. doi:10.1177/1558689808325774
- Wunsch-Vincent, S., Lanvin, B. og Dutta, S. (2015). *The Global Innovation Index 2015: Effective Innovation Policies for Development*. Sótt af <https://www.globalinnovationindex.org/userfiles/file/reportpdf/GII-2015-v5.pdf>